

REGLUGERÐ um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1183/2017 um stuðning við sauðfjárrækt.

1. gr.

Við reglugerðina bætast tvö ákvæði til bráðabirgða er hljóða svo:

Stuðningsgreiðslur vegna kjaraskerðingar.

Til að draga úr kjaraskerðingu fá framleiðendur stuðningsgreiðslur á árinu 2018 fyrir dilkakjötsframleiðslu ársins 2017. Um einskiptisaðgerð er að ræða til að bæta að hluta kjaraskerðingu sauðfjárbaðna. Til þessa verkefnis verður varið 400 milljónum króna samkvæmt fjáraukalögum 2017.

Rétthafar greiðsla eru þeir framleiðendur sem uppfylla ákvæði 3. gr. reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt, hafa átt 151 vetrarfóðraða kind eða fleiri á haustskýrslu 2016 í Bústofni og eru innleggjendur dilkakjöts í afurðastöð á framleiðsluárinu 2017. Greiðslur miðast við innlagt dilkakjöt á framleiðsluárinu 2017 og deilist heildarstyrkupphæð á allt innlagt dilkakjöt þeirra innleggjenda sem eiga rétt á greiðslum samkvæmt ofangreindum skilyrðum. Matvælastofnun annast umsýslu greiðslunnar.

Viðbótargreiðsla vegna svæðisbundins stuðnings árið 2018.

Viðbótargreiðsla vegna svæðisbundins stuðnings skal skiptast á milli framleiðenda sem voru rétthafar svæðisbundins stuðnings á árinu 2017 samkvæmt ákvæðum þágildandi reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt. Til þessa verkefnis verður varið 150 milljónum króna samkvæmt fjáraukalögum 2017. Matvælastofnun annast umsýslu greiðslunnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í búvorulögum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. janúar 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Elísabet Anna Jónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 17. janúar 2018